

Nd.

573. Breytingartillögur

[17. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Magnúsi H. Magnússyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:
Hún fer með stjórn hins opinbera veðlánakerfis til húsnæðismála.
2. Við 9. gr. 2. tl. orðist svo:
Með árlegum framlögum úr ríkissjóði af 2% launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum.
3. Við 11. gr. Síðari mgr. falli niður.
4. Við 13. gr. 3. mgr. orðist svo:
Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til þeirra umsækjenda, sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna, skv. nánari ákvæðum í reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur.
5. Við 15. gr. Orðin „og sveitarfélögum“ falli niður.
6. Við 20. gr.
 - a. Orðin „eða sveitarfélögum“ í 1. mgr. falli niður.
 - b. Orðin „gerð af trúnaðarmanni húsnæðismálastjórnar“ í 3. mgr. falli niður.
7. Við 37. gr. c-liður orðist svo:
Með framlagi sveitarfélaga sem nemi 20% af því fjármagni, sem Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða í viðkomandi sveitarfélagi ár hvert.
8. Við 39. gr.
 - a. 3. mgr. orðist svo:
Varamenn skulu vera jafnmargir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Í kaupstöðum með yfir 10 000 íbúa skal sveitarstjórn tilnefna 4 fulltrúa.
 - b. Við bætist ný mgr., sem verði 4. mgr. og orðist svo:
Sveitarstjórnir kjósa formenn og varaformenn stjórna verkamannabústaða.
9. Við 52. gr.
 - a. Í stað „Lánið má nema allt að 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar skv. 35. gr. þessara laga“ í 1. mgr. komi: Lánið skal vera 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar skv. 35. gr. þessara laga.
 - b. Niður falli úr sömu mgr. orðin „og verði byggingarkostnaður íbúðar meiri en sem nemur láni úr Byggingarsjóði verkamanna að viðbættu framlagi kaupanda, sem nemur 10% af byggingarkostnaði, verður viðkomandi sveitarstjórn að greiða það sem umfram er“.
 - c. Í stað „dagvinnutekna“ í 4. mgr. komi: tekna.
10. Við 60. gr. Í stað „80%“ í 1. mgr. komi: 70%.